

# STJÓRNARTÍÐINDI B 78 – 1989

23. nóvember 1989

1093

Nr. 547

## REGLUGERÐ

um afnáms banns við veiði á síld við Hrollaugseyjar.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 512 6. nóvember 1989, um bann við veiði á síld við Hrollaugseyjar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávaraútsvegsráðuneytið, 23. nóvember 1989.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eyþórsson.*

23. nóvember 1989

Nr. 548

## AUGLÝSING

um breytingar á gjaldskrám hitaveitna.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirtaldar breytingar á gjaldskrám hitaveitna er taki gildi 1. desember 1989:

*Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 503, 30. október 1989.*

Verð pr. m <sup>3</sup> af heitu vatni . . . . .	kr.	90,10
Fast aflgjald kr/ltr/mín/ár . . . . .	kr.	5 152,00
Mælagjald án húshitunar á mánuði . . . . .	kr.	489,00
Lokunargjald . . . . .	kr.	1 081,00
Gjald fyrir aukaálestur . . . . .	kr.	639,00

*Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar nr. 505, 30. október 1989.*

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um . . . . . 1,54%

*Iðnaðarráðuneytið, 23. nóvember 1989.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

B 81